


AUGLÝSING

um friðlýsingu Pollengis og Tungueyjar í Biskupstungum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa hluta af Pollengi og alla Tunguey í Biskupstungum, Árnessýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi: Að vestan austurbakki Tungufljóts frá syðsta odda Sporðs norður að merkjum milli Ásakots og Galtalækjar; að norðan sömu merki í austurbakka Vatnsstæðis, þaðan sjónlína í vesturendann á merkjaskurði milli Lambhúskots og Bræðratungu; að austan sjónlína úr nefndum punkti suður í efstu vinkilbeygju á skurði sem liggur frá túnnum í Bræðratungu í áttina að Opnós, og úr þeim punkti sjónlína í neðstu vinkilbeygju á merkjaskurði milli Bræðratungu og Hvítárbakka, síðan merkjaskurður milli Bræðratungu og Hvítárbakka allt í suðurbakka Murneyrar. Tunguey, Krúeyri og Sporðeyri teljast til friðlandsins.



Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Ekki má breyta landslagi á svæðinu. Gildir það einnig um tjarnarbakka, vatnsfarvegi og vatnsborð.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs. Landeigendum er heimilt að halda við þeim skurðum sem þegar eru fyrir í friðlandinu.
3. Fuglaveiðar eru bannaðar í friðlandinu.
4. Friðlandið má nytja á sama hátt og tíðkast hefur, það er til slæгна, beitar og fiskveiði.
5. Umferð ökutækja, sem ekki tengist nytjum landeigenda, er óheimil. Gangandi mönnum er heimil för um friðlandið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt og varast að trufla búsmala og fuglalíf. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um umferð ef þörf gerist.

Náttúruverndarráð getur falið einum eða fleiri mönnum umboð sitt til eftirlits með framkvæmd friðlýsingar að nokkru eða öllu leyti.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytið, 22. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöru- og farþegaflutninga á landi.

1. gr.

Eftirtalin ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 19. og 29. tölulið XIII. viðauka, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Tilskipun ráðsins 77/796/EBE frá 12. desember 1977 um að stefnt skuli að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi farmflytjenda og aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum, að meðtöldum ráðstöfunum sem ætlað er að hvetja þessa aðila til að neyta staðfesturéttarins, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 89/438/EBE frá 21. júní 1989.
2. Tilskipun ráðsins 84/647 frá 19. desember 1984 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 47/1994 um vöruflutninga á landi og lögum nr. 53/1987 um skipulag á fólksflutningum með langferða-bifreiðum, sbr. sérstaklega 2. gr. laga nr. 62/1993, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 5. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.